



## AKSTURSLÁG- TILLAGA

Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

Verslunar- og þjónustusvæði við Aksturslág



**NORÐURÞING**

**08.01.2025**



## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 06.06.2024 með athugasemdafresti til: 04.07.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_.

## UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

109064-001-ASK-V02-Aksturslág

HÖFUNDUR

ÍS/MMR

RÝNT

BRE

Unnið fyrir Norðurþing.  
Forsíðumynd Gaukur Hjartarson  
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Umhverfi og staðhættir	4
2.2	Fornminjar	5
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030	6
3.3	Vatnaáætlun Íslands	7
3.4	Deiliskipulag	8
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
4.1	Atvinnu- og þjónustusvæði	8
4.2	Verslunar- og þjónustusvæði	9
4.3	Opin svæði til sérstakra nota	9
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Umhverfispættir og áherslur	11
5.2	Valkostir	12
5.3	Umhverfismat	13
5.4	Niðurstaða	14
6	KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI	15
6.1	Kynning og samráð	15
6.2	Umsagnaraðilar	15
6.3	Drög að skipulagsferlinu	15
	Aðalskipulagsuppdráttur	15

## 1 INNGANGUR

Hér er sett fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til svæðis við Aksturslág sem í dag er skilgreint sem opið svæði (O) í gildandi aðalskipulagi án sérstakra tilgreindra nota. Fyrirhugað er að skilgreina þar nýtt verslunar- og þjónustusvæði (VP) með heimild fyrir uppbyggingu verslunarmiðstöðvar með stórmarkaði fyrir dagvöruverslun og minni sérverslunum. Bæði er unnin breyting á greinargerð aðalskipulagsins og uppdraetti.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið og stefnt er að því að auglýsa aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag samhliða.

Vakin er athygli á því að skipulagslýsing sem kynnt var vegna breytingarinnar náði einnig yfir breytingar íbúðabyggðar við Stórhól og Hjarðarholt og verða kynntar og auglýstar tvær aðskildar aðalskipulagsbreytingar.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Þörf er fyrir stóra matvöruverslun á Húsavík sem getur annað heimamönnum í héraðinu og öllum þeim ferðamönnum sem sækja svæðið heim. Núverandi verslunarhúsnæði, sunnarlega í byggðinni, þykir ekki nægilega hentugt til þess að koma fyrir nútímalegri verslun með góðu aðgengi fyrir alla. Að sumarlagi er mikill erill ferðamanna í miðbæ Húsavíkur og bæði heimamönnum og ferðafólki getur reynt erfitt að finna bílastæði í bænum. Skipulagsyfirvöld telja að óheppilegt sé að stór matvöruverslun sé staðsett í miðri miðbæjartraffíkinni. Af þeim sökum stendur vilji skipulagsyfirvalda til þess að horfa frá núverandi stefnu aðalskipulags um uppbyggingu verslunar og heimila uppbyggingu nútímalegs verslunarkjarna með dagvöruverslun og minni smásöluverslunum sunnan við þéttbýlið. Á svæði við Aksturslág verða góðar umferðartengingar og næg bílastæði fyrir heimamenn og ferðafólk. Íbúar og fyrirtæki á miðbæjarsvæðum munu síður verða fyrir ónæði af verslun sem staðsett er utan við þéttbýlið.

### 2.1 Umhverfi og staðhættir

Fyrirhugað skipulagssvæði við Aksturslág er tún sem hefur verið nýtt og slegið síðustu ár. Svæðið liggur samsíða Norðausturvegi (þjóðvegur nr. 85) og göngu- og hjólastíg sem er í góðri fjarlægð frá þjóðveginum. Stærstur hluti svæðisins er flatlendi en á eystri mörkum hallar upp í móti. Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið, norðan við Þingeyjarsýslubraut er fallegur skógi vaxinn gilskorningur þar sem Þorvaldsstaðaá rennur. Að sunnanverðu er efnistökusvæði í Króklágarholti. Vestan við þjóðveginn eru athafnasvæði þar sem fyrirtæki s.s. Norðlenska, Frumherji, Hlað, Garðvík, Vegagerðin, Steinsteypir og fiskeldið Haukamýri eru staðsett. Að austanverðu eru opin svæði og golfvöllurinn Katlavöllur.



**MYND 1** Skipulagssvæðið séð frá Þjóðvegi 85, Norðausturvegi.



**MYND 2** Séð frá Þjóðvegi yfir skipulagssvæðið í átt að þéttbýli Húsavíkur.

## **2.2 Fornminjar**

Búnaðarsamband Eyjafjarðar vann fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á þremur svæðum við Húsavík árið 2024; Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á þremur svæðum á Húsavík, Norðurbrekkur, Stórhóll/Hjarðarholt og Aksturslág er nr. 3384

Fornleifafræðingur skráði minjar á svæðinu árið 2024 og í ljós kom að þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins, vegur sem ber heitið *Aksturslág 3384-13*. Ekki er hægt að sjá ummerki um veginn og samkvæmt heimildarmanni eru sýnilegir vegslóðar seinni tíma slóðar. Hafa þarf samráð við Minjastofnun um þessar minjar.

Minjarnar eru sýndar á deiliskipulagsupprætti. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

### 3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft er sérstaklega til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum:

#### 3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Síðan skipulagslýsing var unnin hefur ný Landsskipulagsstefna tekið gildi. Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram markmið um að *vernd umhverfis og náttúru* skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri *velsæld samfélagsins* og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að *samkeppnishæfu atvinnulífi* með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Eftirfarandi þættir úr stefnunni eru hafðir til hliðsjónar við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar:

- *Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf.*
- *Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.*
- *Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.*
- *Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.*

#### 3.2 Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030

Í gildi er Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030. Á þéttbýlisuppdrætti á mynd 3 er svæðið sem er til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingu merkt með rauðum hring.

Við Aksturslág verður skilgreint nýtt verslunar- og þjónustusvæði (Vþ) þar sem nú er opið svæði með heimild fyrir uppbyggingu verslunarmiðstöðvar með stórmarkaði fyrir dagvöruverslun og minni sérverslunum.

Eftirfarandi markmið eru sett fram í **aðalskipulagi Húsavíkur**:


- Atvinnu- og þjónustusvæði eru aðgengileg og aðlaðandi og öll megin verslun- og þjónusta er í miðbænum.
- Búið er vel að öllum samgöngumátum.

Eftirfarandi stefna er sett fram um **atvinnu- og þjónustusvæði**:

Þjónustukjarni: Skapaðar verði aðstæður til þess að verslun og þjónusta geti safnast saman og þróast á einu samfelldu svæði í miðbænum. Þannig verði sameiginlegt aðdráttarafl þjónustunnar sem mest, sjá nánar kafla 25 með stefnu og skipulagsramma fyrir miðbæjarsvæðið.

Eftirfarandi stefna er sett fram um verslunar- og þjónustuvæði:

Á verslunar- og þjónustuvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustuvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.



MYND 3. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030, hluti þéttbýlisuppráttar fyrir Húsavík. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

### 3.3 Vatnaáætlun Íslands

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt yfirborðs- og grunnvatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnagæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbæri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Vatnshlot innan skipulagssvæðisins er grunnvatnshlotið Héðinshöfði nr. 102-199-G. Umhverfismarkmið þess er góð magnstaða og gott efnafræðilegt ástand. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt skv. vatnavefsja<sup>1</sup>. Héðinshöfði er undir staðbundnu álagi vegna sorplosunar.

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-199-G>

### 3.4 Deiliskipulag

Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari hefur verið unnið deiliskipulag. Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir Verslunar- og þjónustusvæði við Aksturslág verður auglýst samtímis.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir umrætt svæði við Aksturslág. Nýtt deiliskipulag er sett fram á uppdrætti og skýringarmynd. Í greinargerð eru skilmálar um aðkomu, götur, stíga, byggingar, bíla- og hjólastæði og fleira sem við á.

Áætluð afmörkun nýs deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág er sýnd með rauðri línu á loftmynd. Stærð svæðisins er tæplega 5 hektarar.



MYND 4. Yfirlitsmynd af deiliskipulagssvæði við Aksturslág.

## 4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingar eru gerðar á greinargerð aðalskipulags og aðalskipulagsuppdrætti.

### 4.1 Atvinnu- og þjónustusvæði

Gerð er breyting á almennri stefnu fyrir atvinnu- og þjónustusvæði.

#### Stefna fyrir breytingu:

Þjónustukjarni: Skapaðar verði aðstæður til þess að verslun og þjónusta geti safnast saman og þróast á einu samfelldu svæði í miðbænum. Þannig verði sameiginlegt aðdráttarafl þjónustunnar sem mest, sjá nánar kafla 25 með stefnu og skipulagsramma fyrir miðbæjarsvæði.



**Stefna eftir breytingu:**

Þjónustukjarni: Skapaðar verði aðstæður til þess að verslun og þjónusta geti þrífist á einu samfelldu svæði í miðbænum og blómstrað samhliða opnun verslunarmiðstöðvar í Aksturslág. Þannig verði aðráttarafi þjónustunnar tvískipt; í miðbænum og sunnan þéttbýlisins.

**4.2 Verslunar- og þjónustusvæði**

Stofnað er nýtt 3,8 ha verslunar og þjónustusvæði sem sýnt er á uppdrætti ásamt veltengingu.

**TAFLA 1.** Bætt er við eftirfarandi í töflu:

Nr. Svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Vp5	3,8	<b>Verslunar- og þjónustusvæði við Aksturslág.</b> Nauðsynlegt þykir að skipuleggja nýtt verslunar- og þjónustusvæði með góðu aðgengi fyrir akandi umferð utan við þéttbýli Húsavíkur.	Heimilt er að reisa verslunarmiðstöð fyrir stóra matvöruverslun, sérvöruverslanir og aðra þjónustu. Byggingarmagn allt að 5.000m <sup>2</sup> . Miðstöðin getur byggst upp í áföngum. Tryggja skal aðgengi allra ferðamáta að verslunarmiðstöðinni, grænt yfirbragð frá þjóðvegi og vandaðan frágang. Vinna skal deiliskipulag fyrir svæðið.

**4.3 Opin svæði til sérstakra nota**

Gerð er breyting á skipulagsákvæðum fyrir ónúmeruð svæði sem birt er í kafla 24.3.11 um opin svæði til sérstakra nota. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er stofnað úr ónúmeruðu svæði innan þéttbýlismarka sem ekki hefur tilgreinda stærð í aðalskipulagi.

**TAFLA 2.** Sérskilmálar fyrir breytingu:

Nr. Svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
		<b>Ónúmerið svæði</b> Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota.	<p>Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróður er heimil en hugað verði að útsýni til sjávar að gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rôtarkerfi þeirra.</p> <p>Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir sem tengja minni áningarstaði og stærri áfangastaði í einu samhangandi vef útivistarsvæða. Tenging á milli skrudgarðs og sjávar verði styrkt með gróðursetningu og landslagsmótun í Árgili. Þar verði haldið opnum þeim möguleika að Búðará geti runnið ofanjarðar um gilið og til sjávar þannig að hægt sé að ráðast í þær framkvæmdir þegar forsendur skapast til þess. Sá einnig kafla um athafnarsvæði A3.</p> <p>Lóð Sundlaugar Húsavíkur verði nýtt betur sem útivistarsvæði sundlaugargesta.</p>

**TAFLA 3.** Sérskilmálar eftir breytingu:

Nr. Svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
		<p><b>Ónúmerið svæði</b></p> <p>Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota.</p>	<p>Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróður er heimil en hugað verði að útsýni til sjávar að gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rôtarkerfi þeirra.</p> <p>Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir sem tengja minni áningarstaði og stærri áfangastaði í einu samhangandi vef útivistarsvæða. Tenging á milli skruðgarðs og sjávar verði styrkt með gróðursetningu og landslagsmótun í Árgili. Þar verði haldið opnum þeim möguleika að Búðará geti runnið ofanjarðar um gilið og til sjávar þannig að hægt sé að ráðast í þær framkvæmdir þegar forsendur skapast til þess. Sá einnig kafla um athafnarsvæði A3.</p> <p>Lóð Sundlaugar Húsavíkur verði nýtt betur sem útivistarsvæði sundlaugargesta.</p> <p>Tryggja skal gott aðgengi hjólandi og gangandi frá íbúðarsvæðum og miðbæ í gegnum opin svæði að verslunarmiðstöð við Aksturslág.</p>

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

### 5.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsbreytingar er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlunir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlunir eru taldar upp í kafla 3. Í töflu 4 eru taldir upp umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar sem tekið er tillit til við gerð breytingarinnar.

**TAFLA 4.** Yfirlit yfir umhverfisþætti, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> Landnotkun Ásýnd og yfirbragð	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.</li> <li>Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Notkun lands s.s. fyrir ræktun, byggð og auðlindanýtingu þarf að stilla saman við verndun náttúru og landslags.</li> <li>Bæjarmyndin einkennist af lágreistri og þéttri byggð með miklum og fallegum gróðri.</li> </ul>	Hefur skipulagið áhrif á landnotkun? Hefur skipulagið áhrif á náttúrulegt yfirbragð og ásýnd svæðis? Tryggir skipulagið samfellu í byggð og umgengst byggingarland með ábyrgum hætti?
<b>Náttúrufar</b> Vistkerfi Gróður Jarðvegur Líffræðileg fjölbreytni	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Líffræðilegri fjölbreytni verði viðhaldið með því að vernda lykilvistkerfi Íslands eins og votlendi og birkiskóga og önnur mikilvæg búsvæði fugla.</li> </ul> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <ul style="list-style-type: none"> <li>61. gr. um vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.</li> </ul> Vistgerðarkortlagning NÍ.	Hefur skipulagið áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur skipulagið áhrif á búsvæði dýra?
<b>Loftslagsmál</b> Kolefnisbinding Kolefnishlutleysi Loftslagsaðlögun	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</li> </ul> Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.	Hefur skipulagið áhrif á loftslagsmál? Styður skipulagið markmið um kolefnishlutleysi?
<b>Heilnæmt umhverfi</b> Mengun og hávaði Grunnvatn Loftgæði	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Grunnvatn helst ómengað. Komið verður í veg fyrir mengun frá fráveitu. Frágangur rotþróa og fráveitumála uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum.</li> </ul>	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hvetur skipulagið til vistvænna ferðamáta? Hefur skipulagið áhrif á vatnshlot?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag þéttbýlis verði hagað þannig að umhverfi hvetji til göngu frekar en aksturs svo að útblástur verði lágmarkaður.</li> </ul> <i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul> <i>Reglugerð um hávaða 724/2008</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999</i> <i>Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029</i>	
<b>Samgöngur og umferðaöryggi</b> <i>Umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda.</i>	Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030 <ul style="list-style-type: none"> <li>Gatnakerfi verði öruggt og þjóni vel bæði akandi, hjólandi og gangandi vegfarendum.</li> </ul>	Samræmist skipulagið leiðbeiningum um sjálfbært skipulag; Mannlíf, byggð og bæjarrými? Dregur skipulagið úr ferðapörf? Tryggir skipulagið aðgengi allra að nærþjónustu? Bætir skipulagið umferðaröryggi óháð ferðamáta?
<b>Samfélag</b> Byggð Atvinnulíf	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbygging ferðapjónustu taki mið af því að neikvæð áhrif á náttúru verði sem minnst og jákvæð áhrif á samfélag sem mest.</li> <li>Skipulag landnotkunar efla búsetu og samfélag í þéttbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli.</li> <li>Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu.</li> </ul> Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030 <ul style="list-style-type: none"> <li>Atvinnu- og þjónustusvæði eru aðgengileg og aðlaðandi og öll megin verslun- og þjónusta er í miðbænum.</li> </ul>	Þéttir skipulagið byggð og blandar atvinnustarfsemi verslun og íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs líf og aukinna lífsgæða? Hefur skipulagið hagræn áhrif fyrir sveitarfélagið? Samræmist skipulagið leiðbeiningum um sjálfbært skipulag: Mannlíf, byggð og bæjarrými? Dregur skipulagið úr ferðapörf? Tryggir skipulagið aðgengi allra að nærþjónustu? Tryggir skipulagið umferðaröryggi óháð ferðamáta? Styrkir og eflir skipulagið miðbæ Húsavíkur? Tekur skipulagið mið af styrkleika og staðaranda Húsavíkur með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu?
<b>Menningarminjar</b> Fornminjar Náttúru- og menningarminjar	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja.</li> </ul> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012</i> <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013</i>	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúru- og menningarminjar?

## 5.2 Valkostir

**Aðalskipulagsbreyting:** Gert er ráð fyrir tvískiptu verslunar- og þjónustusvæði, í miðbænum og með nýrri verslunarmiðstöð fyrir matvöruverslun, sérvöru og aðra þjónustu, allt að 5000 m<sup>2</sup> að stærð.

**Gildandi skipulag:** Gert er ráð fyrir verslun- og þjónustu í miðbænum og á verslunarsvæði sunnarlega við Garðarsbraut.

### 5.3 Umhverfismat

#### Aðalskipulagsbreyting:

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Nýtt verslunar- og þjónustusvæði byggist upp á gömlum túnum sem staðsett eru við jaðar bæjarins. Um talsverða uppbyggingu er að ræða sem hefur í för með sér áhrif á ásýnd og yfirbragð á svæðinu. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi um hönnun og frágang mannvirkja svo þau falli sem best að landslagi. Takmörkun verður á notkun svæðisins til annarrar landnotkunar og landbúnaðar.

**Áhrif á náttúrufar eru metin óveruleg.** Áhrif á dýralíf eru metin óveruleg þar sem svæðið hefur ekki verið talið búsvæði dýra. Gróður kemur til með að raskast við uppbyggingu mannvirkja, vega og veitna. Áhrif á gróður eru metin óveruleg þar sem um raskað svæði er að ræða og manngerð tún. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er á túnum sem í dag eru ekki nýtt til landbúnaðar. Ekki er verið að raska mikilvægum vistgerðum. Settir verða skilmálar um gróðursetningu innan svæðis í deiliskipulagi.

**Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg.** Kolefni kemur til með að losna við rask vegna framkvæmda en svæðið verður aftur grætt upp með tilheyrandi bindingu í gróðri. Umferð kemur til með að aukast með aðsókn í verslunarmiðstöð. Gera má ráð fyrir auknum útblæstri frá umferð, en að hún fari smám saman minnkandi eftir því sem farartækjum fjölgar sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

**Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg.** Ekki er talin hættu á mengun vegna breytingarinnar ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglugerðum er lúta að fráveitu, skólpi og vatnsvernd. Sé vel staðið að verki er ekki talin hættu á neikvæðum áhrifum á vatnshlot. Nánari skilmálar verða settir í deiliskipulagi og samráð haft við Heilbrigðiseftirlit um frágang á fráveitu. Möguleiki er að hávaði komi til með að aukast með aukinni umferð um svæðið en með tilkomu hringtorgs verður dregið úr umferðarhraða á svæðinu.

**Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi eru metin jákvæð/neikvæð.** Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi eru metin neikvæð þar sem skipulagið samræmist ekki leiðbeiningum um sjálfbært skipulag; Mannlíf, byggð og bæjarrými. Umferð er beint út fyrir núverandi byggð sem eykur ferðapörf. Umferðaröryggi er þó tryggt með góðu aðgengi að svæðinu óháð ferðamáta.

**Áhrif á samfélag er metin jákvæð/neikvæð.** Með nýju verslunar- og þjónustusvæði fyrir utan miðsvæði bæjarins er verið að bjóða íbúum og gestum upp á fjölbreyttari þjónustu en er nú þegar í bænum. Slíkt telst jákvætt fyrir lífsgæði íbúa og getur aukið aðdráttarafl fyrir ferðafólk sem á þar leið hjá. Hinsvegar samræmist staðsetning verslun og þjónustu utan miðbæjarins ekki leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag: Mannlíf, byggð og bæjarrými þar sem m.a. er bent á að sjálfbært skipulag geri ráð fyrir að samþætta skipulag landnotkunar og vistvænna ferðamáta. Það felur í sér að beina uppbyggingu að þeim kjörnum sem fyrir eru, miðlægt í þéttbýli. Með því má draga úr ferðapörf, stytta ferðir og auka hlutdeild vistvænna ferðamáta.

**Áhrif á menningarminjar eru metin óveruleg/óviss.** Unnið verður að uppfærslu á fornleifaskráningu við gerð deiliskipulags. Skrá þarf menningarminjar innan deiliskipulags Aksturslágar þar sem ummerki eru um gamla slóða.

#### Gildandi skipulag (núll-kostur):

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Svæðið er fullbyggt og engar framkvæmdir fyrirhugaðar og því engin áhrif á yfirbragð og ásýnd svæðis.

**Áhrif á náttúrufar eru metin óveruleg/jákvæð.** Engar framkvæmdir fyrirhugaðar og gróður og vistkerfi verður áfram til staðar.

**Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg.** Umferð um svæðið helst óbreytt. Ætla má að smám saman dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir því sem faratækjum fjölgar sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

**Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin jákvæð/óveruleg.** Ekki er hætt á mengun, gengið hefur verið frá fráveitumálum á viðeigandi hátt. Hljóð berst frá núverandi umferð en engin breyting á því. Áhrif á grunnvatn eru metin jákvæð þar sem ekki verður byggt upp á svæðinu og loftgæði haldast óbreytt þar sem umferð eykst ekki um svæðið.

**Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi eru metin jákvæð.**

Áhrif á samgöngur og öryggi eru talin jákvæð þar sem umferð eykst ekki um svæðið.

**Áhrif á samfélag eru metin óveruleg/neikvæð.** Ekki verður byggt upp á svæðinu. Íbúar sveitarfélagsins þurfa áfram að sækja verslun og þjónustu á Akureyri í stað heimabyggðar.

**Áhrif á menningarminjar eru metin óviss/óveruleg.** Unnið verður að uppfærslu á fornleifaskráningu við gerð deiliskipulags.

#### 5.4 Niðurstaða

Heildaráhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á þá umhverfisþætti sem fjallað var um eru óveruleg og mögulega neikvæð. Uppbygging á verslunar- og þjónustusvæði kemur til með að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa að því leiti að ýmis þjónusta og aðgengi að verslun sem ekki er til staðar í dag kemur til með að aukast. Í deiliskipulagi verður áhersla lögð á að draga úr þeim neikvæðu samfélagslegu áhrifum sem breytingin felur í sér. Það væri hægt að gera m.a. með því að leggja áherslu á góðar tengingar stígakerfis frá íbúðarhverfum að verslunarmiðstöðinni og tryggja áframhaldandi uppbyggingu á miðsvæði Húsavíkur. Skilmálar verða settir um yfirbragð mannvirkja og að ásýnd samræmist staðháttum vel og að vel sé staðið að verndun grunnvatns og fráveitu innan svæðisins.

Talsverður fjöldi umsagna barst við skipulagslýsingu á kynningartíma og var reynt eftir fremsta megni að taka tillit til þeirra. Áberandi óánægja var til staðar um staðsetningu verslunar- og þjónustusvæðis og reyndi sveitarfélagið að leita annarra lausna. Uppbygging fyrir utan núverandi miðsvæði bæjarins er ekki í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag og landsskipulagsstefnu en sveitarfélagið hefur leitað að uppbyggingarsvæði innan miðbæjarins án árangurs m.a. vegna eignarhalds og skorts á lóðum. Sveitarfélagið telur því umræddan kost vænlegastan til uppbyggingar á því verslunar- og þjónustusvæði sem þörf er á fyrir samfélagið. Einnig telur sveitarfélagið uppbygginguna jákvæða fyrir samfélagið vegna aukinnar þjónustu og verslunar fyrir íbúa sveitarfélagsins.

## 6 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

### 6.1 Kynning og samráð

Á kynningartíma er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu, og skila þeim með rafrænum hætti í [skipulagsgatt.is](https://skipulagsgatt.is)

### 6.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá lögbundnum umsagnaraðilum og eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnarsýslu Norðurþings.

- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Slökkvilið Norðurþings
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Orkuveita Húsavíkur
- Rarik
- Landsnet
- Aðliggjandi sveitarfélög; Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð.

### 6.3 Drög að skipulagsferlinu


Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og helstu tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

TAFLA 5. Drög að skipulagsferli.

MÁNUÐUR	LÝSING	
Maí 2024	Skipulagslýsing	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings
Júní 2024	Lýsing afgreidd	Lýsing afgreidd í sveitarstjórn til umsagnar og kynningar.
Júní 2024	Lýsing kynnt	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Janúar/febrúar 2025	Tillögur teknar fyrir	Skipulagstillögur teknar fyrir í skipulags- og framkvæmdaráði þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanleg tillögur samþykktar til auglýsingar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Febrúar 2025	Tillögur auglýstar	Skipulagstillögur auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga; aðalskipulagsbreyting, nýtt deiliskipulag. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Apríl/maí 2025	Tillögur hjá skipulagsyfirvöldum	Unnið úr athugasemdum og ábendingum og afstaða tekin til þess hvort auglýsa þurfi tillögur aftur.
Maí 2025	Tillögur afgreiddar í Norðurþingi	Tillögur afgreiddar í sveitarstjórn og skipulagið sent til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 32. gr. og 3 mgr. 41. gr skipulagslaga.
Júní 2025	Samþykktarferli	Skipulags- og framkvæmdaráð og sveitarstjórn samþykkja skipulagsáætlanir og auglýsa til staðfestingar í kjölfarið í B – deild Stjórnartíðinda skv. 42 gr. skipulagslaga.


# Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

## Breyting aðalskipulags - Þjónustusvæði við Aksturslág



- Skýringar
- Athafnasvæði
  - Iðnaðarsvæði
  - Opín svæði til sérstakra nota
  - Verslun- og þjónusta
  - Íbúðarbyggð
  - AT/VP Blönduð landnotkun
  - Stofnvegur/stofnbraut
  - Tengivegur/tengibraut
  - Gönguleið
  - Reiðleið
  - + Hitaveita
  - v Vatnsveita
  - L Ljósleiðari
  - Svæði sem breytingin nær til

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

0 200 400 600 800 m



Breyting - aðalskipulags  
þjónustusvæði við Aksturslág

Verk: 109064  
Unnið: SM

Blaðstærð: A4  
Rýnt:

Mælikvarði: 1:10.000  
Breytt dags:

Dags: 27.11.2024

Samþykkt: